

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2025
Tilv.: 2503007

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um búvörulög (framleiðendafélög), 107. mál á 156. löggjafarþingi.

- Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni atvinnuveganefndar um umsögn um frumvarp til laga um búvörulög (framleiðendafélög), 107. mál á 156. löggjafarþingi. Frumvarpið felur í sér að felldar verði úr gildi þær breytingar sem gerðar voru á búvörulögum með lögum nr. 30/2024, en með þeim voru afurðastöðvum í kjötiðnaði veittar víðtækar undanþágur frá bannákvæðum samkeppnislaga.
- Eftir að matvælaráðherra mælti fyrir frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2024 og það hafði verið rætt við fyrstu umræðu gekk frumvarpið sem kunnugt er til umfjöllunar atvinnuveganefndar. Samþykkti meiri hluti nefndarinnar nefndarálit með breytingartillögu við frumvarpið, en þær breytingar sem þar voru lagðar til fólu í sér mun víðtækari og eðlisólíkar undanþágur frá samkeppnislögum en upphaflega var gert ráð fyrir. Af þessu tilefni skilaði Samkeppniseftirlitið [umsögn](#) þann 20. mars 2024 þar sem bent er á að efnisákvæði frumvarpsins hafi verið endurskrifuð að öllu leyti og að í raun sé um að ræða nýtt frumvarp sem hafi mun víðtækari áhrif en upphaflega frumvarpið. Eftir breytingarnar feli frumvarpið í meginatriðum í sér eftirfarandi:
 - Breytingarnar feli í sér að kjötafurðastöðvum, verði óháð eignarhaldi í þeim, heimilað að hafa með sér hvers konar samráð um verkaskiptingu, verðlagningu eða aðra þætti starfseminnar. Jafnframt sé fellt niður ákvæði um heimild Samkeppniseftirlitsins til að mæla fyrir um að einstaka samningar eða ákvarðanir framleiðendafélaga séu óheimilir. Þá sé fellt niður ákvæði um skráningu framleiðendafélaga.
 - Kjötafurðastöðvum sé heimilað að sameinast án takmarkana. Þannig sé samrunaeftirliti samkeppnislaga í raun kippt úr sambandi. Engin dæmi séu um slíka undanþágu í nágrannalöndum.
 - Undanþágurnar taki til kjötafurðastöðva í öllum búgreinum án tillits til stöðu viðkomandi búgreinar.
 - Kjötafurðastöðvum sé veitt fullt sjálfðæmi um verðlagningu til bænda og smásala/neytenda. Þannig sé ekki gert ráð fyrir að annars konar aðhald komi í staðinn fyrir þá krafta samkeppninnar sem banninu við samráði og eftirliti með samrunum sé ætlað að vernda. Til dæmis sé ekki gert ráð fyrir opinberri verðlagningu, líkt og í mjólkurframleiðslu.



3. Samkeppniseftirlitið vísar jafnframt til bréfs síns til matvælaráðuneytisins (í dag atvinnuvegaráðuneytið) þann 19. júní 2024 þar sem fram koma [sjónarmið](#) eftirlitsins vegna erindis ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, til ráðuneytisins. Í bréfinu er fjallað um efni og áhrif lagasetningarinnar og samspil hennar við EES-rétt. Jafnframt er gerð grein fyrir fyrri athugunum stjórnvalda sem leitt höfðu til þeirrar niðurstöðu að leggja ekki til breytingar af þessu tagi. Þá er lýst þeirri afstöðu eftirlitsins að breytingar líkt og þær sem fólust í lögum nr. 30/2024 myndu veikja samkeppnisreglur og samkeppniseftirlit á sviðum sem falla undir ákvæði EES-samningsins. Hafi lögin ekki uppfyllt þær skuldbindingar sem íslenska ríkið hafi undirgengist sem leiða megi af EES-samningnum.
4. Líkt og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu reyndi á stjórnskipulegt gildi laga nr. 30/2024 í málinu nr. E-4202/2024 sem lauk með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 2024. Í málinu reyndi á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að hafna því að taka til rannsóknar kvörtun þar sem þess var krafist að eftirlitið beitti íhlutun til að stöðva ráðstafanir kjötafurðastöðva á grundvelli laganna. Taldi Samkeppniseftirlitið sér það ekki heimilt og byggði m.a. á því að það væri ekki í sínum verkahring að leggja mat á stjórnskipunarlegt gildi laganna. Í dómi héraðsdóms var talið að sú breyting sem gerð var á búvörulögum og samþykkt á Alþingi 21. mars 2024 og gefin út sem lög nr. [30/2024](#) hafi ekki verið sett á stjórnskipulegan hátt þar sem hún striddi gegn 44. gr. stjórnarskrárinnar. Breytingin hefði af þeim sökum ekki lagagildi. Í framhaldi af dómi héraðsdóms óskaði Samkeppniseftirlitið eftir leyfi til að áfrýja dómi héraðsdóms til Hæstaréttar. Taldi Samkeppniseftirlitið mikilvægt að fá úrlausn Hæstaréttar um þau álitæfni sem deilt er um í málinu. Málflutningur um heimild tiltekinna aðila til meðalgöngu í málinu fór fram í dag, þann 27. mars, og er málflutningur um efnishlið málsins framundan.
5. Með hliðsjón af öllu framangreindu styður Samkeppniseftirlitið eindregið samþykkt frumvarpsins, enda telur Samkeppniseftirlitið að þær breytingar sem Alþingi samþykkti með lögum nr. 30/2024 skaði hagsmuni almennings og bænda með alvarlegum hætti.
6. Af gefnu tilefni tekur Samkeppniseftirlitið jafnframt fram að það telur mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga án tafar. Þannig telur eftirlitið engin efni til að bíða niðurstöðu Hæstaréttar í fyrrgreindu dómsmáli. Frumvarpið miðar að því að tryggja hagsmuni almennings og bænda og taka af vafa um gildi laganna til framtíðar. Það mál sem nú er til meðferðar fyrir Hæstarétti lýtur hins vegar að því hvort breytingarnar sem Alþingi samþykkti þann 27. mars 2024 hafi uppfyllt ákvæði stjórnarskrár og þá hvort lögin hafi í reynd öðlast gildi.
7. Samkeppniseftirlitið er reiðubúið að funda með þingnefndinni óski hún frekari skýringa eða upplýsinga við umsögn þessa.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Magnús Þór Kristjánsson